



Skipulagslýsing íbúðarsvæðis Heiðarholti, Svalbarðsstrandarhreppi



Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur samþykkt lýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna íbúðarsvæðis í landi Heiðarholts skv. 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í skipulagslýsingu koma fram áherslur sveitarstjórnar, upplýsingar um forsendur, stefnu og fyrirhugað skipulagsferli. Með gerð og kynningu lýsingar í upphafi skipulagsvinnu gefst almenningi og umsagnaraðilum kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar.

Skipulagslýsingin mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins frá 15. nóvember 2017 til og með 6. desember 2017. Tillagan verða einnig aðgengileg á heimasíðu Svalbarðsstrandarhrepps á www.svalbardsstrond.is.

Ábendingar skulu vera skriflegar og berast á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, Skólatröð 9, 601 Akureyri, eða á netfangið vigfus@sbe.is í síðasta lagi þann 6. desember 2017.

F.h. Svalbarðsstrandarhrepps, Vigfús Björnsson, Skipulags- og byggingarfulltrúi

Svalbarðskirkja

16. nóvember kl. 20.00

Orgelstund. Petra Björk Pálsdóttir leikur hugljúf verk á orgelið við kertaljós, orð og bæn.

19. nóvember kl. 11.00

Sunnudagaskóli. Söngur, saga, brúður, djús og dund.

7. desember kl. 18.00

Aðventukvöld. Helgileikur, jólasaga, kórsöngur, nemendur leika á hljóðfæri, aðventustemning, jólin koma.

Fjáröflun unglíngadeildar Valsárskóla

Kirkland WC-pappír: 40 rúllur á 5.000 kr.

Klósettpappír: 48 WC-rúllur 7.000 kr og 24 rúllur 3.500 kr.

Eldhúspappír: 15 rúllur 3.800 kr. og 5 rúllur 1.300 kr.

Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum. Til að panta pappír má hafa samband við Fjölu Þórhallsdóttur Smáratúni 1, sem tekur við pöntunum í síma 892-0773.

Næstu rusladagar

16. nóvember - Gráa / brúna tunnan

30. nóvember - Gráa / brúna tunnan

7. desember - Græna tunnan

14. desember - Gráa / brúna tunnan

Ströndungur kemur næst út föstudaginn 15. desember.

Skilafrestur á efni í blaðið er til kl. 15:00 miðvikudaginn 13. nóvember.